

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Skýrsla stjórnar 2011-2012 4. aðalfundur

31. maí 2012 - Reykjavík

Skýrsla stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna

4. aðalfundur 31. maí 2012

Priðja starfsár Hagsmunasamtaka heimilanna telur frá 3. aðalfundi samtakanna 31. mars 2011 til 31. maí 2012.

Aðalstjórn: Andrea J. Ólafsdóttir, formaður, Elías Pétursson, varaformaður, Gunnar Kristinn Þórðarson ritari, og Ólafur Garðarson gjaldkeri stjórnar, Lís B. Ingólfssdóttir, Vilhjálmur Bjarnason, Vilborg G. Hansen.

Varastjórn: Gunnar Már Antonsson, Una Eyrún Ragnarsdóttir, Þórður Björn Sigurðsson, Gunnar Magnússon, Sigrún Viðarsdóttir, Guðmundur Ásgeirsson, Matthildur Skúladóttir.

Hagsmunasamtök heimilanna eru samtök sjálfbóðaliða sem starfa á lýðræðislegum grunni, með það að leiðarljósi að félagar hafi jafnan rétt til áhrifa. Samtökin eru vettvangur fyrir fólkið í landinu til að verja og bæta hagsmuni heimilanna í landinu. Þau vinna að markmiðum sínum eftir öllum lögætum leiðum og með réttmætum samtakamætti.

Meginmarkmið samtakanna eru almennar leiðréttingar lána og afnám verðtryggingar, en þau hafa auk þess beitt sér fyrir úrbótum kerfislægra galla og neytendavernd. Það er brýn þörf fyrir öflugt starf samtakanna áfram með áframhaldandi þrýstingi á stjórnvöld.

Stjórnarmenn, bæði í aðal- og varastjórn, auk fjölmargra annarra hafa komið að málefnavinnu, framkvæmd viðburða og uppbyggingu samtakanna með vinnu sinni og framlögum af ýmsum toga. Stjórn þakkar innilega öllum þeim sem hafa lagt samtökunum lið á árinu fyrir þeirra þátt í stöðugri uppbyggingu og öflugri málefnavinnu samtakanna.

Helstu verkefni stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna 2011-2012 hafa verið - stiklað á stóru úr starfsannál samtakanna

2011

Apríl

ESA málið. Send var kvörtun vegna lagasetningar nr. 151/2010, svokölluð „Árna Páls lög“ til eftirlitsstofnunar EFTA. Samtökin sendu stjórnarmann með sendinefnd til Brussel til að fylgja málinu eftir í maí 2011. Kvörtunin vakti mikla athygli fjölmiðla og fólksins í landinu. Samtökin töldu lagasetningu brjóta í bága við Evróputilskipanir en í ljós kom snemma árs 2012 að ESA vildi ekki taka afstöðu til málsins, en taldi að leysa þyrfti ágreining hjá íslenskum dómstólum.

Áskorun til Seðlabanka Íslands um óháða úttekt á kostum og göllum þess að taka upp nýja krónu. Seðlabankinn hafnaði beiðninni nokkru síðar þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að skoða þurfi kosti í gjaldmiðilsmálum.

Erindi sent til stjórnlagaráðs um að bæta við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, ákvæði um mannréttindavarinn eignarrétt vegna heimilis og að veð í eigin húsnæði takmarkist við veðandlag. HH spurðu: „Getur stjórnlagaráð í sínum störfum tryggt að maður sem tekur lán standi jafnfætis þeim sem lánið veitir með hliðsjón af eignarétti beggja?“ Þessu var svo fylgt eftir á vormánuðum með umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um svokallað lyklafrumvarp um takmörkun veðréttinda vegna íbúðakaupa.

Maí

Vilborg Hansen segir sig úr stjórn.

Fundur með sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að ræða skuldastöðu heimilanna.

Erindi og fundur hjá Umboðsmanni Alþingis vegna lögmætis afturvirkra vaxtaútreikninga gengistryggðra lána og annað erindi varðandi lagagrundvöll fyrir framkvæmd verðtryggingar sem snýr að færslu verðbóta á höfuðstól (svokallað mánaðarlegt viðbótarlán fyrir verðbótum).

Fundur með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra vegna heimildar til að fara fram á lögbann á grundvelli laga nr. 141/2000 til verndar heildarhagsmunum neytenda.

Ný heimasíða opnuð.

Júní

Áskoranir sendar annars vegar til Alþingis um afnám laga nr. 151/2010 (vegna afturvirkra vaxtaútreikninga), og hins vegar til Umboðsmanns skuldara um að hún beiti sér fyrir endurskoðun á útreikningi ólöglegra gengislána. Þessu var svo fylgt eftir í nóvember með skriflegri umsögn og á fundum með efnahags- og viðskiptanefnd um endurútreikninga.

Undirbúningur fyrir undirskriftasöfnun hefst.

Starfsmaður ráðinn í tímabundin verkefni til þriggja mánaða.

Júlí

Undirskriftasöfnun fer af stað í byrjun mánaðar til stuðnings krafna um almennar leiðréttingar lána og afnám verðtryggingar þar sem lagðar eru til fjórar mismunandi leiðir til leiðréttingar sem grundvöll og innlegg í umræðuna ásamt framtíðarsýn samtakanna á nýtt lánakerfi.

Blaðamannafundur haldinn á Austurvelli. Söfnunin vekur gríðarlega athygli fjölmiðla.

Ágúst

Lögmæti verðtryggingar. Seðlabankinn sætir rannsókn hjá Umboðsmanni Alþingis vegna útreikninga á verðtryggðum lánum. Rannsóknin kemur til vegna kvörtunar HH. Mjög mikil umræða í fjölmiðlum um kvörtun HH til UMA, reiknireglur Seðlabanka Íslands og lagagrundvöll fyrir framkvæmd verðtryggingar.

Undirskriftasöfnun HH á menningarnótt

HH fluttu í nýtt húsnæði í Tækniskólanum

September

Lögmæti verðtryggingar. Seðlabankinn sendir UMA svör sem HH telja ófullnægjandi. Málið vekur athygli og miklar umræður víða í fjölmiðlum um svör SÍ og lögmæti verðtryggingar. Því miður virðast margir hafa misskilið kvörtunina og virðist sem SÍ hafi tekist að villa um fyrir fólki.

HH sendir UMA og SÍ frekari skýringar og gögn vegna verðtryggingarmáls.

Breytingar á stjórn.

Þrír stjórnarmenn HH segja af sér (Gunnar Kristinn, Matthildur og Elías)

Ný stjórn: AJÓ formaður, Vilhjálmur Bjarnason varaformaður, Ólafur Garðarsson gjaldkeri, Guðmundur Ásgeirsson ritari, Gunnar Magnússon, Lisa B. Ingólfssdóttir og Sigrún Viðarsdóttir. Varastjórn: Þórður Björn Sigurðsson, Una Eyrún Ragnarsdóttir, Gunnar Már Antonsson.

Október

Afhending undirskrifa og viðbrögð.

Samstöðufundur á Austurvelli við þingsetningu og forsætisráðherra afhentar 34.000 undirskriftir til stuðnings kröfum HH um almennar leiðréttingar lána og afnáms verðtryggingar.

HH neita að taka þátt í endurlífuguðum sérfræðihóp sem forsætisráðherra boðar í kjölfar fundarins. Vekur athygli og fær talsverða fjölmiðlaumfjöllun.

Viljayfirlýsing HH afhent forsætisráðherra. Fjölmiðlaumfjöllun.

Forsætisráðherra ákveður að fela Hagfræðistofnun HÍ að vinna skýrslu um kröfur HH.

Fundur með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra vegna heimildar til að leita lögbanns.

Nóvember

Undirskriftasöfnun. Fundað með fulltrúum allra þingflokka um möguleikann á því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um réttláta leiðréttingu skulda og afnám verðtryggingar eða vinna að því með þverpólitískum hætti.

Gallup könnun framkvæmd fyrir HH: 80% fylgni við leiðréttingar lána og afnám verðtryggingar og mikið fylgi (um 30%) við samtökin í framboð til Alþingis.

Desember

Hvatning frá HH til innanríkisráðherra að grípa til aðgerða og stöðva aðfarir að heimilum fyrir jólin.

Lögbannsmál. HH veitt heimild til lögbanns til verndar heildarhagsmunum neytenda frá innanríkisráðuneyti.

Starfsmaður ráðinn til reynslu til þriggja mánaða

2012

Janúar

Undirskriftasöfnun. Fundur með þingmönnum þar sem þeir voru hvattir til þverpólískrar samstöðu um þingmál um niðurfærslu lána og afnám verðtryggingar eða þjóðaratkvæðagreiðslu.

Skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ um svigrúm bankanna til niðurfærslu lána.
Fúsk, skemmtun eða fyrirlitning?

ESA-málið. Svar ESA berst okkur í hendur

Febrúar

ESA-málið. Svar sent til ESA vegna úrskurðar stofnunarinnar með nánari rökstuðningi fyrir kvörtun HH.

Gengislánadómur 600/2011. Gengislánadómur Hæstaréttar nr. 600/2011 kveðinn upp um miðjan mánuð. Í dómnum felst að ekki er heimilt að reikna afturvirka vexti á þegar greidda gjalddaga.

Í framhaldi af dómnum: Fundir með sýslumanninum í Reykjavík, innanríkisráðherra, talsmanni neytenda og efnahags- og viðskiptanefnd.

Bréf sent til Samkeppniseftirlits þar sem mótmælt er undanþágu fjármálafyrirtækja frá bannákvæðum samkeppnislög vegna samráðs um gengislánadóm Hæstaréttar 600/2011.

Kæra á hendur bankastjórnendum. Kæra á hendur öllum stjórnendum og bankaráðum bankanna frá árinu 2001-2012 vegna gengislána (veiting lána og innheimta) fyrir brot á stjórnarskrá, almennum hegningarlögum, vaxtalögum, lögum um samningsgerð, lögum um hlutafélög og fyrir vanrækslu eftirlitsskyldu.

Undirskriftasöfnun. Fundur með forseta Íslands þar sem honum voru afhentar tæplega 38.000 undirskriftir og hann beðinn um að beita sér fyrir heimilin í landinu.

Mars

Innra starf. Viðhorfskönnun og félagsfundur HH þar sem samþykkt er að fela stjórn að undirbúa umsókn að Landssamtökum heimilanna sem eru í undirbúningi. Einnig samþykkt að láta vinna lögfræðiálit á gengislánadómi 600/2011.

Fjárstyrkur. HH veittur styrkur að upphæð 1.500.000.- frá Velferðarráðuneyti.

Lögbannsmál. Lögbannsbeiðni HH og TN vegna vörslusviptinga án dómsúrskurðar lögð fram. Sýslumaður setur upp tryggingarupphæð 3 milljónir sem samtökin fallast ekki á og senda úrskurð sýslumanns í Héraðsdóm

Lögbannsbeiðni til Sýslumanns vegna innheimtu greiðsluseðla áður gengistryggðra lána.

Gengislánadómur 600/2011. Úrskurður Samkeppniseftirlitsins um undanþágu SFF frá samkeppnislögum - fulltrúum neytenda tryggð aðkoma að samráðsvinnu um úrlausn mála.

Málsókn gegn verðtryggingu. Málsóknarsjóður stofnaður vegna málsóknar gegn verðtryggingu og undirbúningur málsóknar hafinn með lögfræðiteymi.

Apríl

Kæra á hendur bankastjórnendum. Sérstakur saksóknari vísar málinu frá.

Lögfræðiálit HH vegna gengislánadóms Hæstaréttar 600/2011, fundað með UMS, Neytendastofu og talsmanni neytenda sem beðin eru um að nota álitid inn í samráðsvettvangi bankanna.

Lögbannsmál:. Fyrirtaka hjá Sýslumanni á lögbannsbeiðni HH og Talsmanns neytenda vegna innheimtu. Beiðninni hafnað

Starfsmaður ráðinn í áframhaldandi starf að loknu reynslutímabili

Mái

Kæra á hendur bankastjórnendum. Kæra send inn til ríkissaksóknara vegna frávísunar sérstaks saksóknara kæru HH á hendur bankastjórnendum.

Lögbannsmál. Ný lögbannsbeiðni vegna innheimtu með nánari rökstuðningi send til Sýslumanns.

Stefna fyrir verðtryggingarmálið undirbúin og verður þingfest innan skamms.

Til viðbótar við allt það sem hér hefur verið rakið má nefna að samtökin hafa gert umsagnir um lagafrumvörp og setið nefndarfundi vegna þeirra til að fylgja þeim eftir. Jafnframt hafa verið send erindi til Fjármálaeftirlitsins varðandi meðferð lánasamninga þegar þeir voru færðir frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju, lögmæti endurútreikninga og birtingu gagna um samninga ríkisstjórnarinnar við bankana. Auk þess sendu samtökin erindi til efnahags- og viðskiptaráðherra vegna 110% leiðarinnar þar sem beðið er um að gæta samræmis í aðgerðum fjármálastofnana og skoða frekari aðgerðir í þágu heimilanna. Erindi sent á Samkeppniseftirlitið varðandi afnám stimpil- og uppgreiðslugjalda. Kvörtun vegna Dróma send inn í Héraðsdóm.

Fulltrúar samtakanna hafa staðið fyrir kynningu á samtökunum með víðtækum hætti og komið fram í innlendum sem og erlendum fjölmiðlum. Formaður hefur kynnt samtökin að beiðni

Rótarý klúbba og stöðug miðlun upplýsinga fer fram í gegnum heimasíðu og fésbókarsíðu samtakanna. Að auki hafa samtökin fundað með fulltrúum félags eldri borgara og Landssambands eldri borgara í þeim tilgangi að ná samstöðu milli kynslóða. Samtökin fengu skilning og hljómgrunn, en ekki formlegar yfirlýsingar um samstöðu.

Staðan, árangur og viðurkenning af starfi Hagsmunasamtaka heimilanna

Í upphafi starfsárs töldu samtökin 4.366 félagsmenn en telja núna 7.990 og hefur því næstum tvöfaldast. Félagsjóður stóð í um 3.580.000 kr. en stendur nú í um 4.060.000 kr. og samtökin fá 1.500.000 kr. fjárveitingu frá Velferðarráðuneytinu á árinu 2012 auk þess sem stjórn VR hefur lofað milljón króna styrk í málsóknarsjóð HH. Samtökin eiga síðan inni tryggingu að upphæð 1.000.000 kr. hjá Sýslumanni Reykjavíkur vegna lögbannsmáls sem ekki er lokið. Félagatal og fjárhagsstaða eru því í góðu horfi og hafa samtökin því notað tækifærið og styrkt nokkra aðila sem hafa verið gjafmildir á aðstoð. Gjaldkeri mun gera betur grein fyrir fjárhag samtakanna við kynningu ársreiknings.

Mikill þungi og þrýstingur á stjórnvöld og opinberar eftirlitsstofnanir hefur verið í starfi samtakanna á árinu og hefur skapað þeim viðurkenningu og sess þannig að félagsmönnum hefur fjölgað, rödd samtakanna hefur verið ljáð mikið rými í fjölmiðlum auk þess sem fleiri og fleiri þingmenn virðast hlusta meira á málflutning samtakanna og vitnað er til þeirra í ræðum á Alþingi. Í greiningu frá CreditInfo kom fram að samtökin höfðu fengið hvað mest pláss í fjölmiðlum af sambærilegum aðilum á síðasta ári. Samtökin hafa átt formlegt samstarf við opinberan starfsmann, talsmann neytenda í meira mæli. Samtökin hafa haft það að leiðarljósi að vera ávallt málefnaleg og hafa hvatt til friðsamlegra samstöðufunda.

Þrotlaus vinna, málflutningur og aðgerðir stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna hafa haft veruleg áhrif á opinbera umfjöllun um málefni heimilanna, meðvitund almennings um stöðu sína og áherslur þingmanna og landsfunda stjórnmalaflokka.

Stöðumat og framtíðarverkefni

Áframhaldandi starf samtakanna er griðarlega mikilvægt til framtíðar uppbyggingar fyrir grunnstöð samfélagsins, heimilin í landinu. Nú þarf að skoða rétt almennings til skaðabótakröfu á hendur lánveitendum og ríkissjóði fyrir stórfellda vanrækslu í hagsmunagæslu almennings og ólöglega útreikninga lána sem hafa í sumum tilfellum orðið til þess að fólk missti heimilin sín. Það þarf að fylgja eftir þeim verkefnum sem nú þegar eru hafin sem snúa að upplýsingagjöf og að draga bankastjórnendur til ábyrgðar.

Verðtryggingarmálið verður eitt mikilvægasta mál þessa árs og það kann að vera nauðsynlegt að reka annað slíkt mál er snýr að öðrum hliðum verðtryggingar líka. Auk þess þarf áframhaldandi aðhald við lagasetningu til verndar neytendum og heimilunum í landinu. Framkvæmd verðtryggingar felur í sér stórfellda eignatilfærslu og ofur skuldsetningu heimilanna og hana verður að afnema. Upplýsingagjöf til lántakenda er bágborin og í raun blekkingarleikur einn. Kostnaður við lánafyrirkomulagið er falinn, greiðslumat endurgreiðslu við lántöku er falsað, áhætta er öll sett á lántaka, kerfið gerir efnahagsstjórn svo til bitlausa. Aðhald við efnahagsstjórn landsins eftir afnám verðtryggingar mun verða nauðsynleg og þar munu samtökin gegna mikilvægu hlutverki.

Við, almennir borgarar þessa lands þurfum að vera sterk og megum alls ekki missa móðinn. Heimilin í landinu þurfa á okkur að halda og eru að mati fráfarandi stjórnar þakklát fyrir þau verk sem unnin hafa verið. Þau treysta á okkur áfram. Hlutirnir gerast ekki fyrirhafnarlaust og

Þeir breytast varla í þá átt sem við óskum eftir nema við tökum beinan þátt í að móta áherslur um samfélagið okkar til framtíðar. Hagsmunasamtök heimilanna hafa náð að skapa sér áhrifamikla stöðu í almennt umræðu og meðvitund innan stjórnsýslu og þings, en við þurfum áfram að trúa á áhrifamátt þeirra og styrkja þau enn frekar í hlutverki öflugs talsmanns heimilanna. Nú hafa verið stofnuð Landssamtök heimilanna með það markmið að samþætta lána- og launakjarabaráttu og bjóða bæði HH og ýmsum verkalýðssamtökum inn undir sama þak sem mun eflaust efla samtökin enn frekar. Fyrir þessum fundi liggur umsókn samtakanna að nýstofnuðum Landssamtökum og stendur fráfarandi stjórn einhuga að baki umsókninni.

Þrátt fyrir þann mikla árangur sem náðst hefur í starfi samtakanna hingað til má betur ef duga skal. Ný stjórn og félagsmenn munu þurfa að vinna saman að því að byggja samtökin upp til enn frekari sóknar og efla þau með fjölgun félagsmanna, áframhaldandi umræðu í fjölmiðlum auk þess að styrkja fjárhagslegan grundvöll þeirra. Fráfarandi stjórn óskar næstu stjórn velfarnaðar í starfi á komandi stjórnarári og við hlökkum til að sjá samtökin vaxa enn frekar.

Sem formaður vil ég þakka meðstjórnendum mínum gríðarlega öflugt og óeigingjarnt starf á árinu í þágu heimilanna, ásamt því að þakka þeim ánægjulegar stundir og viðkynningu. Ég mun fylgjast vel með ykkur áfram! :)

Fráfarandi stjórn:

Aðalstjórn: Andrea J. Ólafsdóttir, formaður, Vilhjálmur Bjarnason, varaformaður, Ólafur Garðarsson, gjaldkeri, Guðmundur Ásgeirsson, ritari, Gunnar Magnússon, Lís B. Ingólfssdóttir og Sigrún Viðarsdóttir.

Varastjórn: Gunnar Már Antonsson, Una Eyrún Ragnarsdóttir, Þórður Björn Sigurðsson

Andrea J. Ólafsdóttir formaður
fh. stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna 31.3..2011-31.5.2012
Reykjavík, 31. maí 2012

Sjá nánar um stjórnun og umfang 3. starfsárs Hagsmunasamtaka heimilanna í annál í Viðauka 1